

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 127/2022

frá 29. apríl 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1379 frá 19. ágúst 2021 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu famoxadóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„- **32021 R 1379:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1379 frá 19. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 297, 20.8. 2021, bls. 32).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1448):

„13zzzzzzzzzzzzc. **32021 R 1379:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1379 frá 19. ágúst 2021 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu famoxadóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 32).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 32.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/1379, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.